

Aðalfundur Félags landnema á Fellsmörk, FLÁF 2013

Fundarstaður: Elliðavatn, 14. maí, 2013, kl. 20.20

Á fundinn voru mættir 16 félagsmenn. Af stjórnarmönnum voru mættir; Kjartan Kárason, formaður. Guðrún Ólafsdóttir, gjaldkeri. Sigurlaug Guðmundsdóttir, ritari, Einar R. Sigurðsson og Valdimar Reynisson. Á fundinn vantaði Hjalta Elíasson.

Þorvaldur Ólafsson var settur fundarstjóri og Sigurlaug Guðmundsdóttir var ritari fundarins. Formaður, Kjartan Kárason, flutti skýrslu stjórnar. Sjá fylgiskjal.

Gjaldkeri, Guðrún Ólafsdóttir, gerði grein fyrir fjárhagsstöðu félagsins. Sjá fylgiskjal.

Fundarstjóri stýrði kosningu til stjórnar og var fyrri stjórn öll endurkjörin. Fyrri skoðunarmenn reikninga voru einnig endurkjörnir.

Formaður, K.K. lagði til að félagsgjöld verði óbreytt í ár og var það samþykkt, 3.000.-

Undir liðnum “Önnur mál” ræddi Valdimar um plöntuskammtinn fyrir sumarið, en hann hefur haft með það mál að gera. Plöntulisti fylgir með.

Formaður, K.K. slítur fundi með smá spjalli kl. 20.50 og býður fundargestum í kaffi.